

25. janúar 2008

Afkoma SP-Fjármögnunar hf. árið 2007

Stjórn SP-Fjármögnunar hf. hefur staðfest ársreikning félagsins fyrir árið 2007. Lykiltölur úr rekstri eru þessar helstar (í millj. kr. á verðlagi hvers árs):

Lykiltölur:	2007	2006	2005	2004	2003
Hreinar vaxtatekjur (m.kr.)	1.827	1.365	907	634	478
Hreinar tekjur (m.kr.)	1.999	1.513	1.010	725	564
Framlag í afskriftarreikning (m.kr.)	152	84	102	150	96
Endanlega töpuð útlán (m.kr.)	29	32	68	46	73
Endanlega töpuð útlán/meðalstöðu nettó útlána	0,07%	0,10%	0,40%	0,40%	0,80%
Hagnaður fyrir skatta (m.kr.)	1.211	1.008	588	334	253
Hagnaður eftir skatta (m.kr.)	960	803	480	267	203
Hagnaður/(eigið fé-hagnaður)	29,4%	32,6%	24,2%	15,5%	13,0%
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár	2,41	2,02	1,21	0,67	0,51
Meðalstaða heildarfjármagns (m.kr.)	43.858	30.470	18.642	12.988	10.458
Útlán og kröfur í lok tímabils (m.kr.)	47.683	37.118	21.822	14.275	10.621
Eigið fé í lok tímabils (m.kr.)	4.228	3.268	2.465	1.986	1.759
Eiginfjárhlutfall skv. CAD (í lok tímabils)	11,3%	11,9%	15,6%	13,8%	16,2%
Eiginfjárhlutfall	8,6%	8,5%	11,0%	13,4%	15,8%
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils	43	31	24	19	16
Meðalstöðugildi	35	29	23	18	16
Hreinar þjónustutekjur/ meðalstöðu heildarfjármagns	0,4%	0,5%	0,6%	0,7%	0,8%
Rekstrarkostnaður/ meðalstöðu heildarfjármagns	1,3%	1,6%	2,1%	2,0%	2,0%
Rekstrarkostnaður/hreinum rekstrartekjum	27,4%	30,1%	36,2%	32,8%	37,6%
Virðisrýrnun útlána/meðalstöðu útlána	0,4%	0,3%	0,6%	1,2%	1,0%

SP-Fjármögnun hf. er eignaleigufyrirtæki og starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Félagið er dótturfélag Landsbanka Íslands hf., sem á 51,0% hlutafjár, en aðrir hluthafar eru nokkrir sparisjóðir. Stærsti eignahluturinn er í eigu Byrs sparisjóðs sem á 34,5% en aðrir eiga minna en 10% hver.

Ársreikningur SP-Fjármögnunar hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) um árshlutareikninga.

Rekstur SP-Fjármögnunar í samræmi við áætlanir á árinu 2007

- ✓ Hagnaður eftir skatta nam um 960 millj. kr á árinu en var 803 milljónir á árinu 2006 og er það 19,6% hækkun á milli ára.
- ✓ Hreinar tekjur voru 1.999 millj. kr sem er 32% aukning frá fyrra ári.
- ✓ Rekstrarkostnaður jókst um tæp 19% á milli ára, en kostnaðarhlutfallið hefur aldrei verið lægra og nam 27,4% af hreinum rekstrartekjum á árinu.

Efnahagsreikningur rúmir 49 milljarðar

- ✓ Efnahagsreikningur félagsins stækkaði um tæplega 11 milljarða á árinu og stendur í árslok í 49,2 milljörðum.
- ✓ Útlán og kröfur félagsins námu í árslok tæpum 47,7 milljörðum og hafa hækkað jafnt og þétt á undanförnum árum.
- ✓ Eigið fé SP-Fjármögnunar hf. var í árslok 4.228 millj. kr. Eiginfjárlutfall félagsins sem reiknað er samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki (CAD hlutfall) er 11,3% en skv. lögum má það ekki vera lægra en 8%.

Vanskilahlutföll

- ✓ Í árslok 2007 námu vanskil eldri en 30 daga 0,54% af heildarútlánnum og höfðu hækkað úr 0,46% í ársbyrjun.
- ✓ Heildarvanskil í árslok eru um 472 millj. kr. en á sama tíma nam virðisrýrnunarreikningur útlána og krafna 1,7% af heildarútlánnum eða 815 millj. kr.
- ✓ Endanlega töpuð útlán á árinu 2007 námu 29 millj. kr., sem jafngildir einungis 0,07% af meðalstöðu útlána ársins.

Afkoma SP-Fjármögnunar hf. á árinu 2007 var mjög góð og í samræmi við áætlanir. Mikill vöxtur einkenndi starfsemi félagsins á árinu. Skipting útlána á milli atvinnugreina er vel dreifð og jöfn skipting er á milli útlána til einstaklinga og fyrirtækja. Árið 2008 hefur farið vel af stað og gera áætlanir ráð fyrir að árið í heild verði félaginu hagfellt. SP-Fjármögnun hf. hefur á að skipa reynslumiklu og hæfu starfsfólki. Eigendur eru traustir og er félagið því vel í stakk búið á komandi misserum til að takast á við þau fjölmörgu viðskiptatækifæri sem eru á markaðnum.

Í stjórn SP-Fjármögnunar hf. eru Þorgeir Baldursson formaður, Elín Sigfúsdóttir, Guðmundur P. Davíðsson, Magnús Ægir Magnússon og Ragnar Z. Guðjónsson. Framkvæmdastjóri félagsins er Kjartan Georg Gunnarsson.